



**82. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar  
fimmtudaginn 11. júní 2013, kl. 15:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
    - a) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 24. maí 2013
    - b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. maí 2013
    - c) SSNV frá 24. maí 2013
    - d) Bs. um málefni fatlaðra á NV frá 24. maí 2013
    - e) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands ses. frá 18. apríl 2013
    - f) Framhaldsfundar í veiðifélagi Laxár á Ásum frá 25. maí 2013
    - g) Bs. um félags-og skólaþjónustu í A-Hún. frá 6. maí 2013
    - h) Heilbrigðisnefndar NV. frá 14. maí 2013
  2. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi – beiðni um umsagnir vegna leyfa skv. l. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
  3. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags
  4. Bréf frá mennta-og menningarmálaráðuneytinu dags. 27. maí 2013
  5. Innkaupareglur
  6. Málefni leikskóla
  7. Önnur mál
- 

**Afgreiðslur:**

1. Fundargerðir:
  - a) **Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 24. maí 2013**  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. maí 2013**  
*Lögð fram til kynningar*
  - c) **SSNV frá 24. maí 2013**  
*Lögð fram til kynningar*
  - d) **Bs. um málefni fatlaðra á NV frá 24. maí 2013**



Lögð fram til kynningar

**e) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands ses. frá 18. apríl 2013**

Lögð fram til kynningar

**f) Framhaldsfundar í veiðifélagi Laxár á Ásum frá 25. maí 2013**

Lögð fram til kynningar

**g) Bs. um félags-og skólaþjónustu í A-Hún. frá 6. maí 2013**

Lögð fram til kynningar

**h) Heilbrigðisnefndar NV. frá 14. maí 2013**

Lögð fram til kynningar

**2. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi – beiðni um umsagnir vegna leyfa skv. I. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.**

a) Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar, kt. 12353-5009, Melabraut 21, 540 Blönduósi, f.h. Blöndu ehf. kt. 520308-0400, um leyfi til að reka gististað/stúdíóíbúðir í flokki II að Húnabraut 4, 540 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

Zophonías Ari vék af fundi undir þessum lið.

b) Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Gistiheimilisins Kiljunnar, kt. 5404090640, Aðalgötu 2, 540 Blönduósi, um leyfi til að reka gististað í flokki V að Aðalgötu 2, 540 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

c) Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Heiðars Kristjánssonar, kt. 260139-2239, Holtabraut 14, 540 Blönduósi, f.h. Félags Harmonikkuunnenda, kt. 440105-2540, um leyfi til að reka veitingastað í flokki I, í Ósbæ, Þverbraut 1, 540 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

**3. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Reykjavíkurborg hefur samþykkt beiðni um að nemandi með lögheimili í Reykjavík, fái að stunda nám í Blönduósskóla skólaárið 2013-2014.

Lagt fram til kynningar.

**4. Bréf frá mennta-og menningarmálaráðuneytinu dags. 27. maí 2013**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur borist kostnaðaráætlun sem óskað var eftir vegna dreifnáms í Austur-Húnavatnssýslu.



Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að Austur-Húnavatnssýsla bjóði upp á dreifnám í samstarfi við framhaldsskóla skólaárið 2013-2014 á þeim forsendum að námið sé fjármagnað úr sóknaráætlun Norðurlands vestra og að nemendaframlög rúmist innan fjárheimilda viðkomandi framhaldsskóla.

Lagt fram til kynningar

### 5. Innkaupareglur

Bæjarstjóri kynnti drög að innkaupareglum.

Bæjarráð vísar innkaupareglunum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

### 6. Málefni leikskóla

Jóhanna Jónasdóttir, leikskólastjóri og Anna Margrét aðstoðarleikskólastjóri mættu á fundinn. Kynnt var kostnaðaráætlun í húsnæði í Félagsheimilinu sem áður hýsti hárgreiðslustofu en til stendur að elsti bekkur leikskólans verði í húsnæðinu skólaárið 2013-2014 til að mæta fjölgun barna í leikskólanum.

Bæjarráð samþykkir framkomnar tillögur.

### 7. Önnur mál

Bæjarráð felur tæknideild Blönduósarbæjar að bjóða út snjómokstur á Blönduósi

Bæjarráð felur tæknideild Blönduósarbæjar að bjóða út skólaakstur á Blönduósi.

Kynnt var kostnaðaráætlun vegna fráveitu og vatnsveitu við fyrirhugað hús Hvatar við Blönduósvöll. Bæjarráð felur tæknideild að ræða frekar við forráðamenn Hvatar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:00

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)